

**2231. fundur stjórnar Knattspyrnusambands Íslands var haldinn fimmtudaginn 26. mars 2020 á skrifstofu KSÍ á Laugardalsvelli og hófst kl. 16:00. Fundurinn fór fram með fjarfundabúnaði.**

**Mættir:** Guðni Bergsson formaður, Gísli Gíslason varaformaður, Borghildur Sigurðardóttir varaformaður, Ásgeir Ásgeirsson, Haraldur Haraldsson, Ingi Sigurðsson, Magnús Gylfason, Ragnhildur Skúladóttir, Valgeir Sigurðsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**Mættur varamaður í stjórn:** Guðjón Bjarni Hálfðánarson.

**Mættur fulltrúi landshluta:** Björn Friðþjófsson (Norðurland)

**Mættur framkvæmdastjóri KSÍ:** Klara Bjartmarz, sem ritaði fundargerð.

Þetta var gert:

1. Fundargerð síðasta fundar
  - Fundargerð síðasta fundar var þegar samþykkt á rafrænan hátt á milli funda af öllum stjórnarmönnum sambandsins.
2. Fundargerðir nefnda/starfshópa voru lagðar fram til kynningar:
  - Mannvirkjanefnd 19. mars 2020.
3. Covid-19
  - Rætt var um sameiginlega tilkynningu ÍSÍ og UMFÍ frá 20. mars um að allt íþróttastarf falli tímabundið niður. Í framhaldi af því mæltist KSÍ til þess að knattspyrnuhreyfingin færi að þessum afgerandi tilmælum og ítrekaði stjórn KSÍ þau tilmæli sín.
  - Rætt um fjármál félaganna. Stjórn KSÍ staðfesti skipan vinnuhóps um málið:
    - ✓ Guðni Bergsson formaður KSÍ
    - ✓ Gísli Gíslason varaformaður KSÍ
    - ✓ Klara Bjartmarz framkvæmdastjóri KSÍ sem jafnframt ritaði fundargerð
    - ✓ Haraldur Haraldsson stjórn KSÍ/Formaður ÍTF
    - ✓ Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri ÍTF
    - ✓ Marteinn Ægisson, formaður Þróttar Vogom
    - ✓ Arnar Sveinn Geirsson, forseti Leikmannasamtakanna
    - ✓ Birgir Jónasson, stjórn KPÍ
    - ✓ Jónas Gestur Jónsson, Deloitte
    - ✓ Pétur Steinn Guðmundsson, Deloitte

Guðni Bergsson formaður KSÍ upplýsti stjórn um vinnu starfshópsins. Næsta skref er að greina stöðuna hjá félögunum með samræmdum hætti. Útbúið hefur verið minnisblað fyrir félögin varðandi umsóknir um sértæk úrræði í takti við ný lög (hlutabætur og greiðslur í sóttkví). Úrræðin nýtast félögunum misjafnlega vegna ólíkra stöðu þeirra. Vinna Deloitte í þessum málum er vönduð og gagnast vel og verður vonandi nýtt til lengri tíma litið. Rætt um framlag ríkisins til íþróttamála. Einnig var rætt um stöðuna hjá félögunum gagnvart yngri flokkum sem einnig er misjöfn á milli félaganna. Þá var og rætt um mikilvægi þess að hafa gott upplýsingaflæði milli KSÍ og aðildarfélaga í þessu fordæmalausu aðstæðum.

- Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um fjármál KSÍ og mat á fjárhagsáætlun KSÍ. Ljóst þykir að tekjur KSÍ dragist saman á árinu miðað við samþykktu fjárhagsáætlun. Þar vega þyngst styrkir og framlög og tekjur af landsleikjum. Mikil óvissa er um gjöld þar sem ekki er til dæmis ljóst hvaða mót yngri landsliða munu fara fram. Guðni Bergsson formaður hefur verið í sambandi við Reykjavíkurborg vegna kostnaðar við umspilsleikinn sem fram átti að fara í dag (26. mars) sem og um upptöku samnings um rekstur Laugardalsvallar.
- Haraldur Haraldsson formaður ÍTF kynnti erindi frá ÍTF þar sem fram koma m.a. tillögur um stuðning frá KSÍ við aðildarfélög sambandsins. Gísli Gíslason ræddi um stöðuna og þau

tækifæri sem skapast þegar ástandið skánar. Tillögur ÍTF og þá sérstaklega sá hluti sem snýr að fyrirframgreiðslum, verða rýndar á milli funda, m.a. á fundi fjárhagsnefndar á morgun.

- Rætt um mótamál. Lítið hefur breyst í forsendum frá síðasta stjórnarfundum. Mótanefnd fundar í næstu viku. Nefndin hefur rætt þá hugmynd að halda samráðsfundi um mótamál með félögunum í efstu deildum. Rætt um mótahald yngri flokka og möguleg áhrif á þátttöku.
- Umsögn KSÍ um *frumvarp til laga um aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru, 683. mál* lögð fram til kynningar.

#### 4. Mannvirkjamál

- Teknar voru fyrir tillögur mannvirkjanefndar um vallarleyfi. *Stjórn KSÍ samþykkti að veita eftirtöldum völlum vallarleyfi í samræmi við tillögur mannvirkjanefndar:*

A-flokkur	Athugasemdir	Vallarleyfi	Afgreiðsla
Laugardalsvöllur	Engar	31.12.2021	

B-flokkur	Athugasemdir	Vallarleyfi	Afgreiðsla
Akranesvöllur	Engar	31.12.2021	
Akureyrarvöllur	Ósk um undanþágu	31.12.2020	Ósk um undanþágu samþykkt. Framkvæmdaráætlun þarf að liggja fyrir í lok árs 2020.
Fjölnisvöllur	Ósk um undanþágu	31.12.2020	Ósk um undanþágu samþykkt. Framkvæmdaráætlun þarf að liggja fyrir í lok árs 2020.
Gróttuvöllur	Ósk um undanþágu	31.12.2020	Ósk um undanþágu samþykkt.
Kaplakriki	Engar	31.12.2021	
Kópavogsvöllur	Vottun á gervigr. til 7/7-20	31.12.2021	Með fyrirvara um gilda prófun.
Kórinn	Vottun á gervigr. til 31/12-19	31.12.2021	Með fyrirvara um gilda prófun.
KR-völlur	Engar	31.12.2021	
Víkingsvöllur	Vottun á gervigr. til 19/8-20	31.12.2021	Með fyrirvara um gilda prófun.
Valsvöllur	Vottun á gervigr. til 15/6-20	31.12.2021	Með fyrirvara um gilda prófun.
Egilshöll	Vantar vottun á gras	31.12.2021	Með fyrirvara um gilda prófun.

*Fylkisvöllur og Stjörnuvöllur eru með vallarleyfi til 31.12.2020*

C flokkur	Athugasemdir	Vallarleyfi	Afgreiðsla
Grindavíkurvöllur	Engar	31.12.2021	
Hásteinsvöllur	Girðing umhverfis völlinn	31.12.2021	Með fyrirvara að girðingarframkvæmdum vestan vallar verði lokið fyrir fyrsta heimaleik.
Keflavíkurvöllur	Engar	31.12.2021	
Leiknisvöllur	Engar	31.12.2021	
Ólafsvíkurvöllur	Vottun á gervigr. 31/12-19	31.12.2021	Með fyrirvara um gilda prófun.
Þórsvöllur	Engar	31.12.2021	

*Selfossvöllur, Þróttarvöllur, Varmárvöllur gervigras, Framvöllur og Grenivíkurvöllur eru með vallarleyfi til 31.12.2020.*

*Fjarðabyggðarhöllin, Torfnesevöllur – Afgreiðsla frestað. Staðfesta framkvæmdaráætlun vantar Akraneshöllin og Boginn – Afgreiðsla frestað.*

- Stjórn ræddi um tilskilda prófun á gervigrasvöllum skv. grein 8.4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. *Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi samþykkti stjórn að krefjast ekki skila á prófunum á keppnistímabili 2020. Hins vegar þurfa umræddar prófanir að liggja fyrir tímanlega áður en kemur að útgáfu vallarleyfa fyrir keppnistímabilið 2021.* Þau félög sem leika í Evrópukeppni á komandi keppnistímabili þurfa hins vegar að standa skil á tilskildri úttekt til UEFA sbr. grein 8.4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga.
- Rætt um lýsingu á gervigrasvöllum skv. grein 41 í reglugerð KSÍ um knattspyrnuleikvanga. Þar gerir UEFA kröfur um flóðlýsingu í leikjum á vegum sambandsins, sem eru frá 800 Lux og



hærra. Staðan á Íslandi er sú að eini leikvangurinn sem uppfyllir þessa kröfu er Laugardalsvöllur.

5. Önnur mál

- Umsögn KSÍ um *tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks, 524. mál* var lögð fram til kynningar.
- Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað um e-fótbolta, en áhugi á greininni fer vaxandi, ekki síst hjá félögum á landsbyggðinni.
- Laugardalsvöllur var tilbúinn fyrir fyrirhugaðan leik í dag (26. mars). Stjórn bókaði þakkir til þeirra sem komu að undirbúningi vallarins undir forystu Kristins Jóhannssonar vallarstjóra. Þá þakkaði stjórn sérstaklega Bjarna Hannessyni grasvallasérfræðingi fyrir hans aðkomu. Þá voru einnig bókaðar þakkir til starfsmanna KSÍ fyrir þeirra framlag. Stjórn KSÍ ítrekar mikilvægi þess að Laugardalsvöllur verði byggður upp þannig að staða sem þessi endurtaki sig ekki.
- Til skoðunar er hvort og þá með hvaða hætti nýlega kynnt úrræði ríkisstjórnarinnar geti gagnast KSÍ varðandi starfsmannahald.

Næsti stjórnarfundur verður 2. apríl kl. 16:00.

Fleira var ekki á dagskrá og var fundi slitið kl. 18:10.